

1867.

24. apríl.

19. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um silfurbergsnám í Helgastaðafjalli.

Með bréfi dagsettu 2. janúarmán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá frá C. D. Túliníus, kaupmanni á Eskifirði, er, nú sem stendur, hefir þann $\frac{1}{4}$ hluta silfurbergsnámsins í Helgastaðafjalli, sem er eign ríkissjóðsins, á leigu fyrir 100 rd. afgjald á ári; sækir hann um að fá ríkissjóðsins hluta í námanum á leigu í 5 ár enn, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir 20. rd. afgjald á ári.

Útaf þessu skal yður kunngjört, til þess að þér birtið það, að stjórnarráðinu þykir ísjárvert, einkum vegna þess, hvernig nú er ástatt með fjárhagsmál Íslands, að selja beiðandanum námann á leigu með þeim kjörum, sem hann býður, um svo langan tíma, sem 5 ár; en að stjórnarráðið ekki hefir neitt á móti því eptir atvikum, að Túliníusi sé leigður námurinn um 2 ár, talin frá 1. janúarmán. 1868, fyrir afgjald það, sem nefnt er hér að ofan.

24. apríl.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um fjárverði til að varna útbreiðslu fjárkláðans.

Af því að bæði norður- og austurumdæminu og vesturumdæminu að yðar hyggju, herra amtmaður, nú í vor er meiri hætta búin af, að fjárkláðiinn flytist þar inn, en nokkru sinni fyr, hafið þér farið þess á leit í bréfi dagsettu 20. febrúarmán. þ. á., að stjórnarráðið bjóði stíptamtmanninum yfir Íslandi að gjöra ráðstafanir, eptir samkomulagi við amtmanninn í vesturumdæminu, til þess að settir verði verðir á kostnað allra þriggja amtanna, þar sem bezt þykir við eiga, til þess að reisa skordur við því, að fjárkláðiinn breiðist út frá suðurumdæminu.

Útaf þessu skal yður kunngjört, að eptir skýrslunum um heilbrigðisástand fjárins í suðurumdæminu virðist stjórnarráðinu

ekki nægar ástæður til þess að skipa fyrir um slíka ráðstöfun, enda mundi hún, einkum þegar eins er ástatt og nú er, verða jafnaðarsjóðum amtanna mjög þungbær. En vesni ástandið seinna, verður stjórnarráðið að fela öllum amtmönnum á Íslandi á hendur að koma sér saman um að gjöra þær ráðstafanir í þessu efni, sem þykja best við eiga eptir öllum atvikum.

Því skal við bætt, að stiptamtmaninum og amtmanninum yfir vesturumdæminu hefir verið tilkynntur þessi úrskurður stjórnarráðsins.

1867.
24. apríl.

21. Konungleg Auglýsing til Alþingis um árangur af þegneglegum tillögum þess og öðrum uppástungum á fundinum 1865.

31. maí.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., sendum Voru trúa alþingi kveðju guðs og Vora!

Vér höfum með allrahæstri velpóknun tekið á móti þegneglegu ávarpi alþingis og yfirlýsingunni í því um þegnlega hollustu við Oss og konungsættina.

Þar sem borin er fram í ávarpi þessu ósk um, að málefnum um stjórnar-fyrirkomulag Íslands verði sem allra fyrst ráðið til lykta, gleður það Oss að geta kunngjört Voru trúa alþingi, að nú mun verða lagt fyrir þingið frumvarp til fullkominna stjórnarskipunarlags handa Íslandi, er fer því fram, að alþingi verði veitt yfirgripsmikið vald í öllum málefnum, sem snerta Ísland, og að Vorir kæru þegnar í tæðu landi verði hluttakandi hinna sömu borgaralegu réttinda og þegnarnir í hinum hlutum ríkisins. Og er það von Vor, að alþingi láti í tæ trúlynda liðveizlu sína til þess að málefni þessu, sem er svo áriðandi fyrir Ísland, verði bráðlega og farsællega ráðið til lykta.

Vér höfum vandlega látið ihuga tillögur Vora trúa alþingis um mál þau, sem stjórnin bar undir álit þess árið 1865, og aðrar uppástungur þingsins, og munum Vér nú skýra hér í einu lagi frá, hvað í þeim efnum hefir af ráðið verið.